

5. gr.

45

26. mars

Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði eða óaf- sakanlegri vangá skal hann bæta spjöllin. Þeir er fara um hlið á girðingunni eru skyldir til að loka þeim vandlegaog gæta þess að fjenaður fari hvorki út eða inn í girðinguna við umferð þeirra.

6. gr.

Hreppsnefndin skal á vori hverju ákveða hvenær fje skal rekið til fjalls úr girðingunni, en í girðingunni skal ekki eftir þann tíma vera nema hross og málnytupeningur.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 krónum er renna í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1925, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. mars 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

rafveitu **Eskifjarðarhrepps.**

46

8. apríl

1. gr.

Rafveita Eskifjarðarhrepps selur rafmagn innan þess svæðis, sem taugar hennar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl hennar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi fimm manna nefnd, sem hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn.

Nefndin kys sjer formann og fjehirði. Rafveitunefndin ræður stöðvar-

46 stjóra og aðra starfsmenn við rafveituna, og hefir eftirlit með störfum þeirra.
 8. apríl Hún hefir á hendi allar fjárreiður rafveitunnar og reikningsfærslu, pantar efni og áhöld í samráði við stöðvarstjóra, og sjer um allar framkvæmdir rafveitunnar. Breytingar á rafveitunni og aðrar stærri framkvæmdir getur hún ekki gjört nema í samráði við hreppsnefndina.

Rafveitunefnd skal gjöra ársreikninga yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, og efnahag, og afhenda þá hreppsnefnd eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs, skulu þeir endurskoðaðir af tveim mönnum, sem hreppsnefnd kys til þess, til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera hið sama og hreppsins.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar. Þó má rafveitunefnd selja til annara afnota afl það sem rafveitan hefir umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur hennar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar til ljósa er frá 1. ágúst til 30. maí ár hvert eftir nánari reglum sem rafveitunefnd setur.

5. gr.

Á þeim tíma sem vjelar rafveitunnar eiga að vera í gangi má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýn nauðsyn beri til sökum viðgerðar eða annarra tálmana, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina eins fljótt og unt er.

Rafmagnsnotendum þeim, sem nota strauntakmarkara, ber ekki að greiða gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem stöðin starfar ekki af ofangreindum ástæðum; sje það lengur en tveir sólarhringar í senn. Að öðru leyti ber rafveitan enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á stöðvun sem stafar af ófyrirsjáanlegum atvikum.

6. gr.

Hver sá er óskar að fá nýja rafleiðslu til notkunar, eða láta breyta eldri leiðslu, skal senda um það skriflega beiðni til formanns rafveitunefndar, með nákvæmum upplýsingum um það hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annara notkunar. Formaður leitar álits stöðvarstjóra um umsóknina og leggur hana síðan fyrir rafveitunefnd, sem ákveður hvort rafleiðslan eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Formaður tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar ekki síðar en þrem vikum eftir að umsóknin kom honum í hendur. Áður en byrjað er á verkinu, skal umsækjandi skuldbinda sig til að fylgja fyrirmælum þessarar reglugjörðar og þeim breytingum sem á henni kunna að verða. Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár; hafi þá eigi verið sagt upp með mánaðar fyrirvara skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár,

7. gr.

46

8. apríl

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmunum alt að 35 metrum, það sem fram yfir er kostar húseigandi. Sjeu sjerstakir örðugleikar við lagningu húsálmu, getur rafveitan krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af þeim leiðir, en ef svo stendur á, skal gjöra hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram. Rafleiðslur á bryggjur og aðra staði þar sem leiðslunum er hætt við skemdum verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeigenda

8. gr.

Rafveitan leggur til mæla, takmarkara og öryggi utanhúss án sjerstakrar leigu. Þó geta þeir, sem þess óska fengið mælana eða takmarkarana keypta. Ekki ber rafveitunni skylda til að setja upp mæla í sjóhúsum og útihúsum og ekki fyrir íbúðarhús með minna en 100 kerta ljósnotkun.

9. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld sem setja á í samband við rafveituna, skal setja upp á kostnað hlutaðeiganda af þeim mönnum sem rafveitunefndin skipar til þess, engir aðrir mega fást við slík störf. Rafmagnsáhöld, nýjar innleiðslur og breytingar á eldri leiðslum, má engin taka til notkunar, fyr en stöðvarstjóri hefir athugað og vottað að fullnægjandi sjeu.

10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka afl úr rafveitunni, eða aðhafast neitt það er valdið getur skemdum á tækjum hennar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þessum skal hann greiða fullar skaðabætur samkvæmt dómi óvillhallra manna, sem sýslumaður Suður-Múlasýslu útnefnir.

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til þess að sjá um það eftir nætti að rafmagnstæki hans sjeu atíð í góðu lagi; komi ólag á þau skal hann tafarlaust tilkynna stöðvarstjóra það. Verði rafmagn notað til suðu eða hitunar ber að gæta þess að eldshætta stafi ekki af áhöldunum.

12. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti hennar eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri rafveitunnar.

13. gr.

Rafveitan áskilur sjer einkasölu á öllum áhöldum og efni, sem notað er

46 í sambandi við rafveituna. Þó getur rafveitunefnd veitt undanþágu frá þessu 8. apríl ákvæði, ef sjerstakar ástæður eru til þess.

14. gr.

Stöðvarstjóri, rafveitunefnd og einstakir menn úr nefndinni skulu ætíð hafa frjálsan aðgang að rafleiðslum og áhöldum, sem eru í sambandi við rafveituna til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

15. gr.

Vanræki rafmagsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugjörð þessari; eða virði að vettugi fyrirskipanir rafmagnsnefndar, skal stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki rafveitunefndar.

Notandi ber fulla ábyrgð á afleiðingum þeim, sem af vanrækslu hans kunna að stafa.

16. gr.

Hreppsnefnd semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá yfir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

17. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má vísa til stjórnarráðsins.

18. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim, sem almenn lögreglu-mál. Sektirnar renna í sveitarsjóð Eskifjarðarhrepps.

19. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um notkun og meðferð rafmagnsstraums í Eskifjarðarhreppi frá 15. mars 1916.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. maí 1925, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.